

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Garðabæ, 15.06.2021
Málsnr. 2105343

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, Urriðaholt, og breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, norðurhluta 4. Skipulagslýsing

Þann 3. júní 2021 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 -2030 og deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 4. Í væntanlegri deiliskipulagsbreytingu er til skoðunar að gera ráð fyrir 70-80 íbúðum fyrir 50 ára og eldri á lóð Urriðaholtsstrætis 9 í stað atvinnuhúsnæðis. Til að opna fyrir heimildir fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis af þessu tagi er stefnt að því að breyta skilmálum í aðalskipulagi Garðabæjar fyrir svæðið norðan Urriðaholtsstrætis þannig að heimildir fyrir íbúðarhúsnæði verði rýmkaðar.


Lýsingin er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, og í þjónustuveri Garðabæjar. Birt verður auglýsing um kynningu hennar í Fréttablaðinu, Garðapóstinum, Lögbirtingu og á heimasíðu Garðabæjar.

Óskað er eftir umsögn skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga frá eftirfarandi, Skipulagsstofnun, Svæðisskipulagsnefnd Höfuðborgarsvæðisins, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Umhverfisstofnun og Minjastofnun.

Með vísan í 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga er skipulagslýsing lögð fram til kynningar á heimasíðu Garðabæjar, www.gardabaer.is, og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7.

Umsagnir skulu berast fyrir 27. júlí 2021 á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Virðingarfyllst,



Arinbjörn Vilhjálmsson,
skipulagsstjóri

